

**Nd.**

**862. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna (þingskj. 826).

Frá allsherjarnefnd.

Ed. hefir gert þær einar efnisbreytingar á frv. þessu:

1. að uppsagnarfyrirvari 1. gr. 2. málsg. er lengdur úr  $\frac{1}{2}$  ári í 1 ár, og
2. að námurjettindi og vatnsnot einvörðungu í þágu námurekstrar eru ekki

undanþegin ákvæðum frv., heldur er ráðherra veitt *heimild* til að undanþiggja þessi rjettindi fyrirmælum frv.

Nefndin telur ekki rjett að breyta frv. og hrekja málið þess vegna milli deilda, og leggur því til, að Nd. samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 16. sept. 1919.

Einar Arnórsson,  
form., framsögum.

Magnús Guðmundsson,  
skrifari.

Pjetur Ottesen.

Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson.